

- Eru fjölmiðlar á Íslandi óháðir flölmiðlar?
- Hvaða fjölmiðli treystir þú?
- Fe það saman hvaða fjölmiðil þú lest og hvaða fjölmiðli þú treystir og telur áreiðanlegan?
- Telur þú einhverjar líkur á að óhefðbundnir miðlar séu að taka yfir hlutverk hefðbundinna fjölmiðla sem farvegur boðmiðlunar.
- Stefnir framtíðinn frá prentmiðlum og á netið.

### Fjölmiðlar

Fjölmiðlar eru oft nefndir fjórða valdið. Þeirra hlutverk er að veita valdastofnunum þjóðfélagsins, dómsvaldi, framkvæmdavaldi og löggjafarvaldi aðhald. Mörg dæmi eru þó um fjölmiðla sem ganga erinda stjórnvalda eða hagsmunaaðila í samfélaginu og trúlega er erfitt að finna fjölmiðil sem er algjörlega hlustlaus.

### Fjölmiðlar, háðir og óháðir

Þegar talað eru um óháða fjölmiðla, þá er verið að tala um fjölmiðla sem eru ekki hallir undir einhverja hópa sem tengjast ákveðnum skoðunum eða hagsmunum. Slíkir fjölmiðlar hljóta þá að vera reknir með áskriftargjöldum, því um leið og þeir eru farnir að treysta á tekjur frá auglýsendum, þá eru þeir orðnir háðir auglýsendum að einhverju leyti. Þeir sem eiga og reka slíka fjölmiðla hljóta þá að vera drifnir áfram af hugsjón og þeirra markmið að varpa ljósi á menn og málefni á eins heiðarlegan hátt og þeim er unnt. Háðir fjölmiðlar eru hins vegar tengdir eigendum sínum og gæta hagsmuna þeirra. Eigendurnir geta verið stjórnvaldaflokkar, félagasamtök, fyrirtæki, menn úr viðskiptalífi eða aðrir hagsmunaaðilar sem telja sér hag í því að eiga fjölmiðil.

Þegar fjölmiðlar á Íslandi eru skoðaðir, kemur í ljós að þeir eru ýmist háðir eða óháðir. Hér verður ekki reynt að gera úttekt á öllum fjölmiðlum landsins en reynt var að kanna heimasíður nokkurra fjölmiðla með það fyrir augum að finna út hvort þeir telja sig vera háða eða óháða fjölmiðla.

Fremstir í flokki óháðra fjölmiðla eru ríkisfjölmiðlarnir, útvarpið og sjónvarpið. Á heimasíðunni [ruv.is](http://ruv.is) er fjallað um eitt megin markmið RÚV sem tengist lýðræðishlutverki stofnunarinnar:

“Ríkisútvarpið ætlar að vera í fararbroddi íslenskra fjölmiðla með því að bjóða landsmönnum fjölbreytta og vandaða dagskrá í samræmi við menningar- og lýðræðishlutverk sitt.”<sup>1</sup>

Að vísu fjármagnar RÚV starfsemi sína að hluta með auglýsingum og veikir það stöðu þeirra sem óháðs fjölmiðils. Auglýsingum í þessum fjölmiðli er þó þröngur stakkur skorinn og það virðist vera sátt um það í samfélaginu að RÚV þurfi að fá hluta af tekjum sínum frá auglýsingum.

Annar miðill á Íslandi sem gefur sig út fyrir að vera óháður er Stundin, bæði vikublaðið og vefurinn [stundin.is](http://stundin.is). Á heimasíðu þeirra stendur orðrétt:

---

<sup>1</sup> <http://www.ruv.is/aetlunarverk-og-meginmarkmid-ruv>

“Stundin var stofnuð í febrúar 2015 með tilstuðlan hóp fjármögnunar. Verkefnið sló met á hóp fjármögnunarvefnum Karolina fund og hafði aldrei áður fengist jafnhá upphæð, jafnhrott og frá jafnmörgum styrkjendum.

Stofnendahópur Stundarinnar samanstóð af fjölmiðlafólki sem hafði hætt störfum á DV eftir fjandsamlega yfirtöku á miðlinum vegna umfjallana.

Tilgangurinn með stofnun Stundarinnar var að skapa valkost um nýjan og óháðan fjölmiðil.

Ein leiðin til þess að binda saman hagsmuni miðilsins og almennings var að sækja stofnfé til dreifðs hóps. Önnur leið var að leggja höfuðáherslu á tekjur frá almenningi. Með því að treysta á áskriftartekjur er Stundin fyrst og fremst háð almenningi.”<sup>2</sup>

Eins og þarna kemur fram, þá stóð almenningur á bak við fjármagnið sem safnaðist þegar fjölmiðillinn var stofnaður og reksturinn er síðan fjármagnaður með áskriftartekjum frá almenningi annars vegar en með auglýsingatekjum hins vegar.

Þriðji fjölmiðillinn sem gefur sig út fyrir að vera óháður er Kjarninn og á heimasíðu kjarninn.is stendur orðrétt:

“Kjarninn er fjölmiðill sem leggur áherslu á að upplýsa lesendur sína. Hann rannsakar og skýrir fyrir þeim það sem á sér stað í samfélaginu. Í Kjarnanum er lögð áhersla á gæði og dýpt. Hann segir ekki allar fréttir, heldur einbeitt sér að því að segja ítarlega og vel frá málunum sem skipta máli.

Ritstjórn Kjarnans leggur áherslu á að taka þátt í umræðunni á vitrænan hátt og að styðja við frétttaflutning sinn með vísun í staðreyndir. Með því greinum við kjarnann frá hisminu fyrir lesendur okkar. Kjarninn er fyrst og síðast efnisframléiðandi, sem nýtir sér þær stafrænu leiðir sem í boði eru til að koma efni til lesenda sinna og neytenda. Það er efnið sem skiptir höfuðmáli, ekki formið sem það er sett fram á. Verk Kjarnans verða dæmd lesendum hans. Trúnaður Kjarnans verður einungis gagnvart þeim, því það er þar sem hagsmunir hans liggja.”<sup>3</sup>

Samkvæmt þessu er trúnaður Kjarnans eingöngu við lesendur og er þar með staðhæft að þarna sé á ferðinni óháður fjölmiðill.

Um flesta aðra íslenska fjölmiðla er erfiðara að fjalla því lítið sem ekkert efni um eigendur þeirra eða stefnur er að finna á heimasíðum þeirra. Ekki er ljóst hverjir eiga þessa fjölmiðla og því er ekki hægt að álykta annað en að þarna séum háðir fjölmiðlar á ferðinni og þeir gangi erinda eigendanna.

### **Traust fjölmiðla**

Þegar vegið er hvaða fjölmiðli er hægt að treysta fyrir fréttum líðandi stundar, þá lendar RÚV efst á blaði. Ég treysti því að þar á bæ sé frétttaflutningur vandaður og að staðreyndir máls hafi verið sannreyndar áður en þær eru birtar í fjölmiðlinum. Þegar kemur að vandaðir umfjöllun um þjóðfélagsmál, þá lendar RÚV líka efst á blaði en jafnfætis þeim eru bæði Kjarninn og Stundin. Í öllum þessum fjölmiðlum er reynt að kafa ofan í málin, leita skýringa og setja málin upp í röklegt samhengi, öfgalaust. Aðrir fjölmiðlar eru reynslu samkvæmt ekki á þeim stað.

---

<sup>2</sup> <http://stundin.is/stundin/>

<sup>3</sup> <https://kjarninn.is/sidur/um-kjarnann/>

Þessa fjölmiðla þrjá les ég og eða hlusta á umfram aðra fjölmiðla. Ég skima oft aðra fjölmiðla á netinu en les ekki greinarnar til hlýtar. Greinarnar í Kjarnanum og Stundinni les ég af ahygli og ýmsa fréttapætti og fréttaumfjöllunar þætti í RÚV hlusta ég og horfi á af athygli.

### **Óhefðbundnir og hefðbundnir miðlar**

Samkvæmt orðanna hljóðan, eru hefðbundnir miðlar útvarp, sjónvarp, dagblöð svo dæmi séu tekin en óhefðbundnu miðlarnir eru tölvupóstur, sími, vefsíður, blogg, samskiptasíður (Facebook, Twitter, Instagram) og YouTube. Helsti munurinn á þessum tveimur gerðum af miðlum er sá að á hinum hefðbundnu miðlum er ritstjórn í gangi sem velur það efni sem birtist í miðlinum en á hinum óhefðbundnu miðlum er engin slík ritstjórn í gangi og þar er það hinn almenni notandi sem ræður því hvaða efni er birt á miðlinum.

Í mörgum tilfellum hafa óhefðbundnir miðlar verið fyrstir með fréttirnar, það er fólk sem lendir í miðri atburðarás stórfretta hefur skrifað um það sem er að gerast nánast í beinni útsendingu og miðlað þannig til heimsbyggðarinnar fréttum á undan hinum hefðbundnu miðlum. Á sumum stöðum er jafnvel ekki leyfður frjálts fréttaflutningur og þá eru það hinir óhefðbundnu miðlar einir sem sjá um að deila fréttunum. Að sjálfsögðu missa hinir hefðbundnu miðlar ekki mikilvægi sitt þrátt fyrir tilkomu hinna hóhefðbundnu miðla, því það er nauðsynlegt að draga saman upplýsingar og afla frekari upplýsinga til að dýpka umræðuna og það sjá hefðbundnu miðlarnir best um.

Snorri Kristjánsson talar um borgaralega blaðamennsku í grein sinni *Staða og áhrif fjölmiðla á íslenskt samfélag* og hvernig hefðbundnir fjölmiðlar hafa nýtt sér þessa tegund af blaðamennsku:

“Þó eru blikur á lofti í fjölmiðlaheiminum í dag. Það sem hefur gerst erlendis er að borgaraleg blaðamennska (citizen journalism) færir í vöxt og það eru allavega tíu ár síðan CNN fór að notfæra sér þetta skipulega með tilkomu myndavélasíma og internetsins. Internetið opnaði gríðarlega stóra ormagryfju fyrir fjölmiðla, bæði til að detta ofan í og eins til að tína uppúr og notfæra sér.”<sup>4</sup>

Snorri heldur svo áfram í sömu grein:

“Borgaraleg blaðamennska er að taka yfir í leiðandi samfélagsumræðu á Íslandi, þar sem hin hefðbundna umræða hefur alltaf verið lituð hagsmunum og hugmyndafræði og þess vegna mjög takmörkuð. Núna má segja allt, og á þann hátt sem fólk skilur. Það hefur í för með sér að fjórða valdið sem okkur var alltaf sagt að væri til, en var í raun og veru ekki til, gæti verið að fæðast í fyrsta sinn á Íslandi. Kemur í raun frá fólkinu sjálfu en ekki fjölmiðlunum!”<sup>5</sup>

Mín skoðun er sú að hefðbundnir miðlar eigi fullt erindi til okkar í dag, en óhefðbundnir miðlar eru viðbót sem geta varpað ljósi á atburði beint frá þeim sem er til frásagnar af þeim. Eins getur umfjöllun um málefni í óhefðbundnum miðlum verið gagnleg og opinská. Hefðbundnir miðlar geta nýtt sér það sem fram kemur á óhefðbundnum miðlum og saman geta þessir miðlar varpað enn skýrara ljósi á atburði og málefni.

---

<sup>4</sup> <http://kvennabladid.is/2015/10/05/stada-og-ahrif-fjolmidla-a-islenskt-samfelag>

<sup>5</sup> <http://kvennabladid.is/2015/10/05/stada-og-ahrif-fjolmidla-a-islenskt-samfelag>

## **Framtíðin**

Þegar eitthvað fréttnæmt gerist eru netmiðlarnir mun betri í að miðla fréttum en dagblöðin. Netmiðlar eru uppfærðir á hverri mínútu og eru því betri í að segja fréttir um leið og þær gerast en prentuð dagblöð sem eru skrifuð daginn áður og borin í hús að morgni. Það er dýrt að prenta dagblöð og það er fyrirhöfn að dreifa þeim til lesenda, auk þess sem margir lesendur vilja ekki þetta pappírslöð inn á heimilin sín. Prentmiðlar munu því hverfa og varla má sá að það sé neinn annar tilgangur með útgáfu þeirra í dag en að þjóna auglýsendum.

Sjónvarp og útvarp hafa þann möguleika að geta sagt fréttir jafnóðum og þær gerast, þeirra sérstaða er möguleikinn á að flytja féttir í beinni útsendingu.

Fréttflutningurinn mun því eflaust færast meira og meira á netmiðlana á kostnað dagblaðanna. Sjónvarp og útvarp mun án efa einbeita sér að því sem þeir eru góðir í og það er að vera með beinar útsendingar frá fréttnæmu efni.

Reykjavík 4. febrúar 2017  
Sigurlaug Kristmannsdóttir

## **Heimildaskrá**

„Um Stundina - Stundin“. Sótt 3. febrúar 2017. <http://stundin.is/stundin/>

„Um Kjarnann“. Sótt 3. febrúar 2017. <https://kjarninn.is/sidur/um-kjarnann/>.

„Staða og áhrif fjölmiðla á íslenskt samfélag | Kvennablaðið“. Sótt 4. febrúar 2017.  
<http://kvennabladid.is/2015/10/05/stada-og-ahrif-fjolmidla-a-islenskt-samfelag/>.

„Ætlunarverk og meginmarkmið RÚV | RÚV“. Sótt 4. febrúar 2017.  
<http://www.ruv.is/aetlunarverk-og-meginmarkmid-ruv>.